

**Ed.**

**309. Frumvarp**

til laga um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Til dýpkunar og umbóta á höfninni í Vestmannaeyjum veitist  $\frac{1}{2}$  kostnaðar, alt að 100 þúsund krónur, úr rikissjóði, gegn jafnmiklu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Tillagið úr rikissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem rikisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Á komandi sumri er í ráði, að fengið verði skip hingað til lands til dýpkunar nokkurra hafna, sem nauðsynlegt er að dýpka.

Óviða mun þörfin fyrir slíkar hafnarbætur vera eins brýn og hún er nú orðin í Vestmannaeyjum. Þar hafa lengi verið miklir erfðleikar við höfnina, og horfir nú til enn meiri vandræða sökum þess, hve höfnin er grunn.

Flutningaskip þau, er færa nauðsynjar að og flytja afurðir frá Eyjunum, verða oftlega fyrir skaða sökum ástands hafnarinnar að þessu leyti, og kemur þetta aftur niður á farmeigendum í auknum farmgjöldum, auk þess sem það er með hverju ári, er liður, erfðara að fá leigð flutningaskip til Vestmannaeyja, sökum þess hve höfnin er grunn. Með hinni sívaxandi flutningaþörf stafa af þessu hinir mestu örðugleikar fyrir þá, sem búa í Vestmannaeyjum og reka atvinnu sína þar.

Hjer er nú ætlast til, eins og sjest á meðfylgjandi áætlun vitamálastjórans, að dýpka fyrst og fremst innsiglinguna og svæði á innri höfn, sem ætlað er fyrir legupláss handa flutningaskipum. Eins og nú er ástatt, er ekki hægt að vetrarlagi að hafa nema eitt slíkt skip inni í einu, og kemur þetta sjer afarilla. T. d. í vetur urðu skip að bíða á aðra viku við Eyjarnar eftir því að fá að komast inn í höfnina, og eitt jafnvel að hörfa alla leið til Reykjavíkur. Er það auðsætt, hver bagi og kostnaður af slíku leiðir. Jafnvel fyrir vjelbátasflotann, sem telur nú orðið um 100 báta, auk aðkomubátanna á vetrarvertíð, er höfnin alt of lítil vegna þess, hve grunn hún er víða. Leiða af þessu þrengsli og iðnlegar skemdir á bátum á vetrum, sökum þrengslanna innan hafnar.

Á síðastliðnum 15 árum hefir ábyrgðarfjelag Vestmannaeyja greitt í skaðabætur fyrir tjón á bátum innan hafnar eingöngu kr. 59647, og samabyrgin á sama tíma kr. 33578,85, líka fyrir tjón, er orðið hafa innan hafnar, og er þó hjer aðeins um  $\frac{1}{5}$  hluta skaðanna að ræða. Er þetta hjer nefnt til að sýna, hve mikil tjón hafa orðið á þessum tíma, en þau stafa nær eingöngu af því, hve grunt er víðast á höfninni, og bátarnir því of nálægir hver öðrum þar sem dýpra er.

Það má telja óframkvæmanlegt nú orðið að afgreiða utan hafnar að vetrarlagi öll þau flutningaskip, sem þarf til vöruflutninga að og frá Vestmannaeyjum, en þrengslið innan hafnar og það, hve höfnin er grunn, gera það með ári hverju erfðara að fá þessi skip á innri höfnina. Eru því umbætur þær, sem hjer er farið fram á, alveg bráðnauðsynlegar.

Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir máli þessu í framsögu, en uppdrættir, kostnaðaráætlanir og aðrar upplýsingar því viðkomandi munu verða lagðar fram fyrir nefndir þær, er málið fá til meðferðar í þinginu.

## Fylgilekjal.

1. apríl 1927.

Að gefnu tilefni leyfi jeg mjær hjer með að tjá hinu háa ráðuneyti, að jeg hef gert eftirfylgjandi áætlun nm dýpkun Vestmannaeyjahafnar á komandi smri, og má telja það verk fyrsta þáttinn að fullkominni dýpkun hafnarinnar og annara nmbóta á henni.

Jeg tel þetta verk mjög nanðsynlegt, sjerstaklega þar sem innsiglingin er orðin of grunn og áriðandi að hún verði dýpkun sem allra fyrst. Hafnarbakkinn vil jeg leggja til að verði gerður að öllu leyti í sumar til þess að geta tekið við nppmokstrinnm. Vitanlega er varla þörf á að gera hann allan nú þegar, en samt vil jeg mæla með að hann verði gerður allur í einu, því að annars verður að gera bráðabirgða fyrirlátt til þess að halda fyllingnnni, en það hleypir kostnaðinum tiltölulega of mikið fram. Jeg geri ráð fyrir að það sem grafið er npp úr innsiglingnnni verði flutt út fyrir, en nppmokstri fyrir innan Hörgeyrargarðinn verði dælt inn fyrir Hafnarbakkann. Dýpið er ákveðið 4 m. nm venjulega fjöru. Reiknað er með að dýpkunnin nái h. n. b. 200 m. inn fyrir Hörgeyrargarð.

### *Kostnaðaráællun :*

#### Hafnarbakki :

245 m langur veggur á 320 ... ..	78400	
Steinveggur að fyllingunni að austan ... ..	2200	
— að fyllingunni að vestan ... ..	11400	92000

#### Dýpkun :

Dýpkun á innsiglingaleið inn fyrir Hörgeyrargarð		
13000 ten.m á 2,70 ... ..	35100	
Dýpkun á innhöfninni 43000 ten.m á 1,65... ..	70950	106050
		Kr. 198050

Ef byrjað verður nú þegar, bygg jeg að tími verði til þess að vinna þetta verk í sumar.

Th. Krabbe.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.